

2000 nr. 106 25. maí**Lög um mat á umhverfisáhrifum**

Tóku gildi 6. júní 2000. *EES-samningurinn:* XX. viðauki tilskipun 85/337/EBE. *Breytt með:* L. 74/2005 (tóku gildi 1. okt. 2005). L. 166/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009). L. 72/2010 (tóku gildi 25. júní 2010). L. 123/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 131/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012). L. 60/2013 (tóku gildi 15. nóv. 2013). L. 49/2014 (tóku gildi 29. maí 2014 nema 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 7. gr., 3. og 5. mgr. c-liðar 8. gr., a-liður 11. gr., 12. gr., 16. gr., 21. gr. og 22. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015). L. 138/2014 (tóku gildi 31. des. 2014). L. 109/2015 (tóku gildi 14. nóv. 2015). L. 89/2018 (tóku gildi 29. júní 2018). L. 96/2019 (tóku gildi 1. sept. 2019; *EES-samningurinn:* XX. viðauki tilskipun 2014/52/ESB). L. 137/2019 (tóku gildi 31. des. 2019). L. 12/2021 (tóku gildi 25. mars 2021; *EES-samningurinn:* XX. viðauki tilskipun 2009/31/EB).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis- og auðindaráðherra** eða **umhverfis- og auðindaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.**■ 1. gr. Markmið.**

□ [Markmið laga þessara er:

a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,

b. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,

c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara,

d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdom og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 1. gr.

■ 2. gr. Gildissvið.

□ [Lög þessi gilda um framkvæmdir sem falla undir ákvæði laganna, á landi, í landhelgi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 2. gr.

■ 3. gr. Skilgreiningar.

□ Í lögum þessum er merking eftirtalinnna orða og orðasambanda sem hér segir:

a. . . .¹⁾

b. *Framkvæmdaraðili:* Ríki, sveitarfélag, stofnun og aðrir lögaðilar eða einstaklingar er hyggjast hefja framkvæmd sem lög þessi taka til.

c. *Framkvæmd:* Hvers konar nýframkvæmd eða breyting á eldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir sem undir lög þessi falla.

[d. *Frummatsskýrsla:* Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum sem Skipulagsstofnun auglýsir til kynningar.]¹⁾

[e. *Fyrirhuguð framkvæmd:* Framkvæmd sem er komin á það stig að hún geti hlotið málsmeðferð skv. IV. kafla.]²⁾

[f.]²⁾ [*Leyfi til framkvæmda:* Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt [skipulagslögum og lögum um mannvirki]³⁾ og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.]¹⁾

[g.]²⁾ [*Leyfisveitandi:* Lögbært yfirvald sem veitir leyfi til framkvæmda.

[h.]²⁾ [*Matsáætlun:* Áætlun framkvæmdaraðila byggð á til lögu hans um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis

leggja skuli áherslu í frummatsskýrslu og um kynningu og samráð við gerð frummatsskýrslu.]¹⁾

[i.]²⁾ *Matsskyld framkvæmd:* Framkvæmd sem háð er ákvæðum laga þessara ásamt þeirri starfsemi sem henni fylgir.

[j.]²⁾ *Matskýrsla:* [Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir ásamt tillögum um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.]¹⁾ Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á gerð matskýrslu.

[k.]²⁾ *Mótvægisáðgerðir:* Áðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

[l.]²⁾ . . .⁴⁾

[m.]²⁾ *Umhverfisáhrif:* Áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfi. [Þar með eru þó ekki talin þjóðhagsleg áhrif og arðsemi einstakra framkvæmda.]¹⁾

[n.]²⁾ *Umhverfisverndarsamtök:* Samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

[o.]²⁾ *Umsagnaraðilar:* Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum er varða matskyldar framkvæmdir eða umhverfisáhrif þeirra.]¹⁾

[p.]²⁾ *Umtalsverð umhverfisáhrif:* Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

[q. *Þátttökuréttur almennings:* Réttur almennings til upplýsinga og réttur til að koma að athugasemdom og gögnum við málsmeðferð samkvæmt lögum þessum.]⁵⁾

¹⁾ L. 74/2005, 3. gr. ²⁾ L. 138/2014, 1. gr. ³⁾ L. 123/2010, 57. gr. ⁴⁾ L. 96/2019, 1. gr. ⁵⁾ L. 89/2018, 2. gr.

II. kafli. Stjórnýsla.**■ 4. gr. Yfirstjórn og framkvæmd.**

□ [Ráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. [Á varnar- og öryggissvæðum fer ráðherra varnarmála með lögsögu í samræmi við skilgreiningu í varnarmálalögum, nr. 34/2008, sbr. og lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110/1951, og lög um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, nr. 176/2006.]²⁾

□ Skipulagsstofnun er ráðherra til ráðgjafar og annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og veitir leiðbeiningar samkvæmt þeim. [Skipulagsstofnun tekur ákvörðun skv. 6. gr. um hvort framkvæmd í flokki B í 1. viðauka við lög þessi skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun tekur einnig ákvörðun skv. 6. gr. um hvort aðrar framkvæmdir í flokki C í 1. viðauka við lög þessi en þær sem kveðið er á um í skipulagslögum og lögum um mannvirki, eða slíkar framkvæmdir sem háðar eru leyfi [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar],³⁾ skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun gefur enn fremur álit skv. 11. gr. um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir. Skipulagsstofnun hefur eftirlit með að framkvæmdir í flokki C í 1. viðauka við lög þessi sem kveðið er á um í skipulagslögum og lögum um mannvirki hafi fengið viðeigandi málsmeðferð skv. 6. gr. laga þessara. Í því skyni skal Skipulagsstofnun setja á fót og starfrækja rafrænt gagnasafn um framkvæmdirnar og leyfi fyrir þeim.]²⁾ [Skipulagsstofnun skal búa yfir eða hafa aðgang að sérfræðipækkingu, eins og nauðsyn krefur, til að fara yfir gögn um mat á umhverfisáhrifum.]⁴⁾

□ [Sveitarstjórn tekur ákvörðun skv. 6. gr. um hvort framkvæmd, sem háð er framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki og tilgreind er í flokki C í 1. viðauka við lög þessi, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Undanskildar eru þó framkvæmdir sem háðar eru leyfi [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar],³⁾ sbr. 2. mgr. [Sveitarstjórn skal í samþykkt sveitarfélagsins, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fela skipulagsnefnd eða öðrum aðila innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins töku fullnaðarákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili.]⁴⁾]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 311. gr. ²⁾ L. 138/2014, 2. gr. ³⁾ L. 137/2019, 19. gr. ⁴⁾ L. 96/2019, 2. gr.

[II. kafli A. Inntak mats á umhverfisáhrifum.]¹⁾

¹⁾ L. 96/2019, 3. gr.

■ [4. gr. a. Ferli við mat á umhverfisáhrifum.

□ Mat á umhverfisáhrifum er ferli sem samanstendur af eftirtöldum þáttum:

- a. gerð og afgreiðslu matsáætlunar,
- b. gerð frummatsskýrslu framkvæmdaraðila,
- c. kynningu og samráði um frummatsskýrslu við umsagnaradila og almenning og eftir því sem við á yfir landamæri,
- d. gerð matsskýrslu framkvæmdaraðila,
- e. athugun Skipulagsstofnunar á matsskýrslu framkvæmdaraðila og álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og
- f. að álit stofnunarinnar sé lagt til grundvallar við afgreiðslu umsóknar um leyfi til framkvæmda.]¹⁾

¹⁾ L. 96/2019, 3. gr.

■ [4. gr. b. Efni mats á umhverfisáhrifum.

□ Í mati á umhverfisáhrifum skal greina, lýsa og meta, með tilliti til framkvæmdar, bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti:

- a. íbúa og heilbrigði manna,
- b. líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar,
- c. land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag,
- d. efnisleg verðmæti, menningarminjar,
- e. næmi framkvæmdarinnar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum,
- f. samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a–e-lið.]¹⁾

¹⁾ L. 96/2019, 3. gr.

III. kafli. Matsskylda.

■ 5. gr. Matsskyldar framkvæmdir.

□ Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í [flokki A í 1. viðauka]¹⁾ við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

□ [Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.]²⁾

□ Heimilt er ráðherra í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að ákveða að tiltekkin framkvæmd, eða hluti hennar, sem varðar almannaheill og/eða öryggi landsins sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum skal ráðherra kveða á um hvaða gögnum skuli safnað um umhverfisáhrif hennar og aðgang almennings að þeim og kynna framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og almenningi ástæður fyrir

undanþágunni. Ráðherra ber áður en undanþága er veitt að tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni á hvaða forsendu hún er veitt og einnig að láta sameiginlegu EES-nefndinni í té þær upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að.

□ . . . ¹⁾

¹⁾ L. 138/2014, 3. gr. ²⁾ L. 74/2005, 5. gr.

■ 6. gr. Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

□ Framkvæmdir sem tilgreindar eru í [flokki B og flokki C í 1. viðauka]¹⁾ við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

□ [Framkvæmdaraðili skal tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða framkvæmd í flokki B í 1. viðauka við lög þessi. Sama á við um fyrirhugaða framkvæmd í flokki C í 1. viðauka við lög þessi sé hún háð öðrum leyfum en samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki eða háð leyfi [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar].²⁾ Fyrirhugaða framkvæmd í flokki C í 1. viðauka við lög þessi sem háð er framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki ber framkvæmdaraðila að tilkynna leyfisveitanda, sbr. þó 2. málsl. [Í tilkynningu skal framkvæmdaraðili leggja fram upplýsingar um framkvæmdina og líkleg umtalsverð áhrif hennar á umhverfið. Hann skal, þar sem við á, taka tillit til fyrirbyggjandi niðurstaðna um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og leggja fram, þar sem við á, upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir.]³⁾ Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um hvaða gögn skuli lögð fram með tilkynningu um framkvæmd og þá málsmæðferð sem viðhöfð skal við ákvörðun um matsskyldu framkvæmda.

□ Vegna framkvæmdar í flokki B í 1. viðauka laga þessara skal Skipulagsstofnun innan fjögurra vikna frá því að fullnægjandi gögn um framkvæmdina berast taka ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. [Við ákvörðun um matsskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 2. viðauka og rökstyðja niðurstöðu sína með hliðsjón af þeim. Skipulagsstofnun skal byggja ákvörðun sína á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram, sbr. 2. mgr., og, ef við á, öðrum gögnum um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Ef Skipulagsstofnun ákveður að framkvæmd sé ekki matsskyld er henni heimilt að setja fram ábendingar um tilhögun framkvæmdarinnar. Þær skulu byggjast á upplýsingum framkvæmdaraðila um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir og framkomnum umsögnum.]³⁾ Áður skal stofnunin leita álits leyfisveitanda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Skipulagsstofnun skal gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni, [hafa hana aðgengilega á vef stofnunarinnar]³⁾ og kynna hana almenningi.

□ Vegna framkvæmdar í flokki C í 1. viðauka laga þessara, sem háð er framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki en þó ekki leyfi [Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar],²⁾ skal sveitarstjórn innan tveggja vikna frá því að fullnægjandi gögn um framkvæmdina berast taka ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. [Við ákvörðun um matsskyldu skal sveitarstjórn fara eftir viðmiðum í 2. viðauka, og rökstyðja niðurstöðu sína með hliðsjón af þeim, og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar skv. 20. gr.]³⁾ Sveitarstjórn er heimilt að leita álits annarra aðila, svo sem annarra leyfisveitanda, eftir eðli máls hverju sinni. Leiti sveitarstjórn álits lengist frestur sveitarstjórnar til að taka ákvörð-

un um matsskyldu um eina viku. [Sveitarstjórn skal byggja ákvörðun sína á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram, sbr. 2. mgr., og, ef við á, öðrum gögnum um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Ef sveitarstjórn ákveður að framkvæmd sé ekki matsskyld er henni heimilt að setja fram ábendingar um tilhögun framkvæmdarinnar. Þær skulu byggjast á upplýsingum framkvæmdaraðila um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir og framkomnum umsögnum. Skal sveitarstjórn gera hlutaðeigandi og Skipulagsstofnun grein fyrir niðurstöðu sinni, hafa hana aðgengilega á vef sveitarfélagsins og kynna hana almenningi.]³⁾

□ Vegna framkvæmdar í flokki C í 1. viðauka laga þessara, sem tilkynna ber til Skipulagsstofnunar, skal stofnunin innan tveggja vikna frá því að fullnægjandi gögn um framkvæmdina berast taka ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. Við ákvörðun um matsskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 2. viðauka laga þessara [og rökstyðja niðurstöðu sína með hliðsjón af þeim].³⁾ Skipulagsstofnun er heimilt að leita álits leyfisveitanda og annarra aðila eftir eðli máls hverju sinni og lengist þá frestur stofnunarinnar til að taka ákvörðun um matsskyldu um eina viku. [Skipulagsstofnun skal byggja ákvörðun sína á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram, sbr. 2. mgr., og, ef við á, öðrum gögnum um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Ef Skipulagsstofnun ákveður að framkvæmd sé ekki matsskyld er henni heimilt að setja fram ábendingar um tilhögun framkvæmdarinnar. Þær skulu byggjast á upplýsingum framkvæmdaraðila um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir og framkomnum umsögnum. Skal Skipulagsstofnun gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni, hafa hana aðgengilega á vef stofnunarinnar og kynna hana almenningi.]³⁾

□ Telji framkvæmdaraðili með hliðsjón af viðmiðum þeim sem fram koma í 2. viðauka laga þessara að framkvæmd í flokki B eða flokki C skuli undirgangast mat á umhverfisáhrifum skal hann tilkynna Skipulagsstofnun um það. Fallist Skipulagsstofnun á þá afstöðu hans er heimilt að sleppa málsmeðferð skv. 2.–5. mgr. Afstaða framkvæmdaraðila skal rökstudd í tilkynningu til Skipulagsstofnunar.

□ Skipulagsstofnun er ekki skylt að taka til efnislegrar meðferðar tilkynningu framkvæmdaraðila til ákvörðunar um matsskyldu ef hin tilkynnta framkvæmd er fyrirhuguð á sama framkvæmdastað og önnur framkvæmd sem þegar er til efnislegrar málsmeðferðar á grundvelli laga þessara og þar sem fullnægjandi gögn liggja fyrir að mati Skipulagsstofnunar. Sama gildir þegar fyrir liggur ákvörðun samkvæmt þessari grein eða álit skv. 11. gr. um framkvæmd á sama framkvæmdastað. Ef hin tilkynnta framkvæmd er þaueldi á fiski í sjó á sama við ef hún er innan tiltekinnar fjarlægðar frá útmörkum eldissvæðis framkvæmdar, sbr. reglugerð um fiskeldi. Ákvæði þetta á ekki við ef ekki hefur verið gefið út leyfi fyrir þeirri framkvæmd sem var til efnislegrar meðferðar hjá Skipulagsstofnun innan þriggja ára frá því að framkvæmd var tilkynnt samkvæmt þessari grein eða tillaga að matsáætlun var lögð fram til afgreiðslu Skipulagsstofnunar skv. 8. gr.

□ Öllum skal heimilt að bera fram fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um hvort tiltekin framkvæmd falli í flokk B eða flokk C í 1. viðauka við lög þessi og skal þá stofnunin leita upplýsinga um framkvæmdina hjá framkvæmdaraðila og leyfisveitanda og taka ákvörðun um hvort hún eigi undir þessa.]¹⁾

□ ...⁴⁾

¹⁾ L. 138/2014, 4. gr. ²⁾ L. 137/2019, 19. gr. ³⁾ L. 96/2019, 4. gr. ⁴⁾ L. 74/2005, 6. gr.

■ **7. gr. Aðrar framkvæmdir sem hugsanlega eru matsskyldar.**

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að mæla svo um í reglugerð að framkvæmd sem ekki er talin upp í [1. viðauka]²⁾ við lög þessi skuli háð mati ef sýnt þykir að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmd sem varðar alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Við ákvörðunina skal ráðherra fylgja viðmiðunum í [2. viðauka]²⁾ við lög þessi og leita álits Skipulagsstofnunar, leyfisveitanda, framkvæmdaraðila og annarra eðli máls hverju sinni.

¹⁾ L. 126/2011, 311. gr. ²⁾ L. 138/2014, 5. gr.

IV. kafli. Málsmeðferð vegna matsskyldra framkvæmda.

■ **8. gr. Matsáætlun.**

□ Nú er fyrirhuguð framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og skal framkvæmdaraðili þá gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. [Í tillögu framkvæmdaraðila skal lýsa framkvæmdinni, eðli hennar og umfangi, framkvæmdasvæði og öðrum raunhæfum valkostum sem til greina koma og upplýsa um þær skipulagsáætlanir sem í gildi eru á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist þeim. Þar skal einnig vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis verði lögð áhersla, hvaða gögnum verði byggt á og hvaða aðferðum beitt við umhverfismatið og áætlun um kynningu og samráð. Framkvæmdaraðili skal auglýsa og kynna rafrænt tillögu að matsáætlun fyrir umsagnaraðilum og almenningi áður en hann leggur tillögu sína fram til afgreiðslu Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr.]¹⁾

□ [Skipulagsstofnun getur fallist á tillögu að matsáætlun með skilyrðum og verða þau hluti af matsáætlun. Fallist Skipulagsstofnun ekki á tillögu að matsáætlun skal stofnunin rökstyðja ákvörðun sína, gera grein fyrir því sem hún telur ábótavant og leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu tillögu að matsáætlun. Skipulagsstofnun skal taka ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila innan fjögurra vikna frá því að fullnægjandi tillaga berst, að fenginni umsögn leyfisveitanda og eftir atvikum annarra aðila. Skal ákvörðunin taka mið af eðli og umfangi framkvæmdar, staðsetningu og líklegum umhverfisáhrifum hennar. Ef skylt er að meta umhverfisáhrif framkvæmdar á grundvelli annarra laga er stofnuninni heimilt að ákveða, að höfðu samráði við viðkomandi leyfisveitendur, að sameina megi það mat umhverfismati samkvæmt lögum þessum, sbr. 17. gr.]¹⁾

□ Fallist Skipulagsstofnun á tillögu að matsáætlun skal hún kynnt leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum [og höfð aðgengilega á vef Skipulagsstofnunar].¹⁾

□ Ef sérstakar ástæður mæla með getur Skipulagsstofnun á síðari stigum, sbr. 9. og 10. gr., farið fram á að framkvæmdaraðili leggi fram frekari gögn, enda rökstyðji stofnunin beiðnina sérstaklega.

□ [Skipulagsstofnun er ekki skylt að taka til efnislegrar meðferðar tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun í þeim tilvikum þegar framkvæmd er fyrirhuguð á sama framkvæmdastað og önnur framkvæmd sem þegar er til efnislegrar meðferðar samkvæmt lögum þessum eða ef fyrir liggur ákvörðun skv. 6. gr. eða álit skv. 11. gr. um framkvæmd á

sama framkvæmdastað. Ákvæði þetta á ekki við ef ekki hefur verið gefið út leyfi til framkvæmda fyrir þeirri framkvæmd sem var til efnislegrar meðferðar hjá Skipulagsstofnun innan þriggja ára frá því að tillagan barst Skipulagsstofnun.]²⁾

¹⁾ L. 96/2019, 5. gr. ²⁾ L. 49/2014, 20. gr.

■ **9. gr.** [Frummatsskýrsla.

□ Ef framkvæmdaraðili hyggur á framkvæmd eða starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum skal að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. unnin skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Skýrslan er nefnist frummatsskýrsla skal unnin af framkvæmdaraðila og skal gerð og efni hennar vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr. [Í skýrslunni skulu vera þær upplýsingar sem sanngjarnt má teljast að krafist sé svo að unnt sé að taka afstöðu til umtalsverðra umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar að teknu tilliti til fyrirliggjandi þekkingar og matsaðferða. Framkvæmdaraðili skal taka tillit til fyrirliggjandi niðurstaðna um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, þar sem við á.]¹⁾

□ [Framkvæmdaraðili skal tryggja að frummatsskýrslan sé útbúin af til þess hæfum sérfræðingum.]¹⁾

□ Í skýrslunni skal tilgreina þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kunna að hafa á umhverfi og samspil einstakra þátta í umhverfinu, [sbr. 4. gr. b].¹⁾ Þá skal gera grein fyrir því hvaða forsendur liggja til grundvallar matinu. Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og tillögum um umhverfisvöktun þar sem það á við. [Ávallt skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Tilgreina skal ástæður fyrir aðalvalkosti með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Loks skal gera stutta samantekt um skýrsluna og niðurstöðu hennar á skýru og auðskiljanlegu máli.]¹⁾ Í niðurstöðu skýrslunnar skal geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út, sbr. 20. gr.]²⁾

¹⁾ L. 96/2019, 6. gr. ²⁾ L. 74/2005, 8. gr.

■ **10. gr.** [Athugun Skipulagsstofnunar og matsskýrsla.]¹⁾

□ [Innan tveggja vikna frá því að Skipulagsstofnun tekur á móti frummatsskýrslu skal stofnunin meta hvort skýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og sé í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr. Heimilt er Skipulagsstofnun að hafna því að taka frummatsskýrslu til athugunar í þeim tilvikum þegar hún uppfyllir ekki framangreind skilyrði. Skipulagsstofnun skal þá leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu frummatsskýrslu.]¹⁾

□ Skipulagsstofnun kynnir hina fyrirhuguðu framkvæmd og [frummatsskýrslu].¹⁾ Skal það gert með [tilkynningu á vef stofnunarinnar og]²⁾ auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, dagblaði sem gefið er út á landsvísu og eftir því sem við á í fjölmiðli sem ætla má að nái til þeirra sem búa nærri framkvæmdasvæði.

□ Framkvæmdaraðili skal kynna framkvæmd og [frummatsskýrslu]¹⁾ í samræði við Skipulagsstofnun eftir að skýrslan hefur verið auglýst. Skipulagsstofnun getur vikið frá þeirri kröfu ef sýnt þykir að framkvæmd og [frummatsskýrsla]¹⁾ hafi hlotið fullnægjandi kynningu.

□ [Frummatsskýrslan]¹⁾ skal liggja frammi á aðgengilegum stað nærri framkvæmdasvæði og [vera aðgengileg á vef

Skipulagsstofnunar í sex vikur frá birtingu auglýsingar, sbr. þó 21. gr.],²⁾ sem jafnframt er sá frestur sem gefst til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun. Öllum er heimilt að gera athugasemdir við framlagða [frummatsskýrslu].¹⁾

□ Skipulagsstofnun skal leita umsagnar leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á. Umsagnaraðilar skulu gefa álit á því hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt í [frummatsskýrslu]¹⁾ um það sem er á starfssviði þeirra og jafnframt hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi. Þeir skulu, ef tilefni er til, tilgreina hvað þarf að kanna frekar og benda á mögulegar mótvægisáðgerðir.

□ [Skipulagsstofnun skal senda framkvæmdaraðila umsagnir og athugasemdir sem henni berast. Þegar umsagnir og athugasemdir hafa borist framkvæmdaraðila skal hann vinna endanlega matsskýrslu á grundvelli frummatsskýrslu. Í matsskýrslu skal framkvæmdaraðili gera grein fyrir framkomnum athugasemdum og umsögnum og taka afstöðu til þeirra og senda hana síðan til Skipulagsstofnunar.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 9. gr. ²⁾ L. 96/2019, 7. gr.

■ **11. gr.** [Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

□ Innan fjögurra vikna frá því að Skipulagsstofnun tekur á móti matsskýrslu skal stofnunin gefa rökstutt álit sitt á því hvort skýrslan uppfylli skilyrði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Í áliti Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir helstu forsendum matsins, þ.m.t. gildi þeirra gagna sem liggja til grundvallar matinu, og niðurstöðum þess, [ásamt tengdum leyfisveitingum ef við á].¹⁾ Jafnframt skal í álitinu fjalla um afgreiðslu framkvæmdaraðila á þeim athugasemdum og umsögnum sem bárust við kynningu á frummatsskýrslu.

□ Telji Skipulagsstofnun að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni eða gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisáðgerðir en fram koma í matsskýrslu skal stofnunin tilgreina skilyrðin og mótvægisáðgerðirnar og færa rök fyrir þeim.

□ Telji Skipulagsstofnun að matsskýrsla framkvæmdaraðila víki frá frummatsskýrslu hvað varðar mikilvæga þætti málsins skal hún auglýst að nýju skv. 10. gr.

□ Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal það kynnt [ráðherra],²⁾ framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum, svo og þeim sem gert hafa athugasemdir við frummatsskýrslu á kynningartíma. Almennir skal eiga greiðan aðgang að áliti Skipulagsstofnunar og matsskýrslu og skal stofnunin [birta á vef sínum og]¹⁾ auglýsa í dagblaði sem gefið er út á landsvísu að álitid og matsskýrslan liggja fyrir.]³⁾

¹⁾ L. 96/2019, 8. gr. ²⁾ L. 126/2011, 311. gr. ³⁾ L. 74/2005, 10. gr.

■ **[12. gr. Endurskoðun matsskýrslu.**

□ Ef framkvæmdir hefjast ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt.

□ Skipulagsstofnun getur ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. ef forsendur hafa breyst verulega frá því að álitid lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúrufari eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tæknipróunar

varðandi framkvæmdina. Verði niðurstaðan sú að endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild skal fara með málið skv. 8.–11. gr. eftir því sem við á.

□ Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu skal auglýst í Lögbirtingablaði og dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan tveggja vikna frá því að ákvörðun liggur fyrir. Í auglýsingu skal tilgreina kærueimildir og kærufresti.¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 11. gr.

■ [13. gr.]¹⁾ *Leyfi til framkvæmda.*

□ [Óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmdar skv. 5. eða 6. gr. fyrir en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd skv. 6. gr. sé ekki matsskyld. [Ber leyfisveitanda að tilkynna Skipulagsstofnun um útgáfu leyfa samkvæmt skipulagslögum og lögum um mannvirki vegna framkvæmda er falla undir lög þessi.]²⁾

□ [Við ákvörðun um útgáfu leyfis til framkvæmdar samkvæmt flokki A skal leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og leggja álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar til grundvallar.

□ Leyfisveitandi skal taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og rökstyðja sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu álitsins. Leyfisveitandi skal í greinargerðinni einnig taka afstöðu til tengdra leyfisveitinga þegar tilefni er til ef um það er fjallað í álit Skipulagsstofnunar.

□ Leyfisveitandi skal birta opinberlega með auglýsingu ákvörðun sína um útgáfu leyfis innan tveggja vikna frá afgreiðslu þess. Í auglýsingu skal tilgreina hvar greinargerð um afgreiðslu leyfis er aðgengileg og tilgreina um kærueimild og kærufrest þegar það á við.³⁾

□ [Við útgáfu leyfis til framkvæmdar sem fellur í flokk B og flokk C þar sem liggur fyrir ákvörðun um að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðunina um matskyldu og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd. Ef fyrir liggur ákvörðun um að framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum fer um málsmeðferð skv. 2. mgr.]²⁾

¹⁾ L. 74/2005, 13. gr. ²⁾ L. 138/2014, 6. gr. ³⁾ L. 96/2019, 9. gr.

■ [14. gr. [Málskot.]]¹⁾

□ [[Ákvarðanir skv. 6. gr. um matskyldu framkvæmdar, sem tilgreind er í flokki B og flokki C í 1. viðauka við lög þessi, og ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 5. gr. sæta kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála; sömuleiðis ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 12. gr. um endurskoðun [umhverfismats].²⁾³⁾...⁴⁾¹⁾

□ ...¹⁾

□ Enn fremur getur framkvæmdaraðili kært til [úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála]¹⁾ ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar skv. 1. mgr. 10. gr. um að frummatsskýrsla uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

□ ...¹⁾

□ ...³⁾

□ [Athöfn eða athafnaleysi stjórnvalda sem brýtur gegn þátt-

tökurétti almennings á grundvelli eftirfarandi sætir kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála:

1. 4. málsl. 3. mgr., 5. málsl. 4. mgr., 4. málsl. 5. mgr. og 8. mgr. 6. gr. um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum,

2. 4. málsl. 1. mgr. 8. gr. um matsáætlun,

3. 2.–4. mgr. 10. gr. um athugun Skipulagsstofnunar og matsskýrslu,

4. 3. mgr. og 2. málsl. 4. mgr. 11. gr. um álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum,

5. 2. og 3. málsl. 2. mgr. 13. gr. um leyfi til framkvæmda.

□ Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærur samkvæmt þessari grein fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.]⁴⁾⁵⁾

¹⁾ L. 131/2011, 25. gr. ²⁾ L. 96/2019, 10. gr. ³⁾ L. 138/2014, 7. gr. ⁴⁾ L. 89/2018, 3. gr. ⁵⁾ L. 74/2005, 12. gr.

■ [15. gr. ...]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 131/2011, 26. gr. ²⁾ L. 74/2005, 12. gr.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ [16. gr.]¹⁾ [Ábyrgð framkvæmdaraðila og greiðsla kostnaðar.]²⁾

□ [Framkvæmdaraðili er ábyrgur fyrir tilkynningum vegna ákvarðana um matskyldu og mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Framkvæmdaraðili ber kostnað af málsmeðferð sveitarfélaga vegna ákvörðunar um matskyldu fyrirhugaðrar framkvæmdar sem fellur í flokk C og mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og af auglýsingum og kynningu á henni.]²⁾

□ [Ráðherra]³⁾ setur, að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar, gjaldskrá vegna kostnaðar stofnunarinnar við framkvæmd laganna varðandi mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda.

□ [Sveitarstjórnnum er heimilt að setja gjaldskrá fyrir málsmeðferð vegna ákvörðunar um matskyldu fyrirhugaðrar framkvæmdar sem fellur í flokk C. Upphæð gjalds skal taka mið af kostnaði við málsmeðferð sveitarfélags og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.]²⁾

¹⁾ L. 74/2005, 12. gr. ²⁾ L. 138/2014, 8. gr. ³⁾ L. 126/2011, 311. gr.

■ [17. gr.]¹⁾ *Skipulagsáætlunir og starfsleyfi.*

□ [Þegar framkvæmd sem fellur undir málsmeðferð skv. 6. gr. eða IV. kafla kallar jafnframt á skipulagsgerð á grundvelli skipulagslaga er heimilt að sameina skýrslugerð um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar samkvæmt lögum þessum og skýrslugerð um umhverfismat skipulagsstillögunnar samkvæmt skipulagslögum. Sama gildir um kynningu fyrir almenningi og umsagnaraðilum samkvæmt lögum þessum og skipulagslögum. Ráðherra mælir nánar fyrir um tilhögun slíkrar sameiningar í reglugerð, þar á meðal um ábyrgð og forræði framkvæmdaraðila, Skipulagsstofnunar og sveitarfélags, málsmeðferð og greiðslu kostnaðar.

□ Ef skylt er að meta umhverfisáhrif samkvæmt öðrum lögum vegna leyfisveitinga til einstakra framkvæmda, sem jafnframt eru háðar umhverfismati skv. IV. kafla eða ákvörðun um matskyldu skv. 6. gr., er heimilt við ákvörðun um matsáætlun skv. 8. gr. eða móttöku tilkynningar skv. 6. gr. að taka ákvörðun um að sameina megi það mat umhverfismati samkvæmt lögum þessum. Hafa skal samráð við viðkomandi leyfisveitendur um slíka ákvörðun. Ráðherra mælir nánar fyrir um tilhögun slíkrar sameiningar í reglugerð.]²⁾

□ Þegar um framkvæmd vegna starfsleyfisskylds atvinnureksturs er að ræða samkvæmt lögum um hollustuhætti og

mengunarvarnir sem jafnframt er matsskyld samkvæmt lögum þessum er framkvæmdaraðila heimilt, að fengnu samþykki Skipulagsstofnunar, að vinna matsáætlun í samráði við starfsleyfisveitanda þannig að á sama tíma verði unnið að matsskýrslu og starfsleyfi.

¹⁾ L. 74/2005, 12. gr. ²⁾ L. 96/2019, 11. gr.

■ [18. gr. *Eftirlit framkvæmda.*

□ Leyfisveitandi eða aðrir sem falið er með lögum eftirlit með framkvæmdum hafa eftirlit með því að matsskyldri framkvæmd sé hagað í samræmi við leyfi [og að framfylgt sé ákvæðum leyfisins um mótvægisáðgerðir og vöktun framkvæmda. Skal eftirlitið og hversu lengi það varir vera í hlutfalli við eðli, staðsetningu og stærð framkvæmdarinnar og áhrif hennar á umhverfið. Að öðru leyti]¹⁾ fer um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum.]²⁾

¹⁾ L. 96/2019, 12. gr. ²⁾ L. 74/2005, 14. gr.

■ [18. gr. a. *Stjórnvaldssektir.*

□ Skipulagsstofnun getur lagt stjórnvaldssektir á framkvæmdaraðila sem hefur hafið framkvæmd sem fellur í flokk A skv. 1. viðauka án þess að meta umhverfisáhrif, sbr. IV. kafla. Skipulagsstofnun getur lagt stjórnvaldssektir á framkvæmdaraðila sem hefur hafið framkvæmd sem fellur í flokk B og flokk C skv. 1. viðauka án þess að tilkynna hana til ákvörðunar um matsskyldu, sbr. 6. gr. Skipulagsstofnun getur einnig lagt stjórnvaldssektir á framkvæmdaraðila ef hann veitir stofnuninni rangar upplýsingar um framkvæmd eða umhverfisáhrif hennar, sbr. ákvæði 6. gr., 1. mgr. 8. gr., 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort brot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Ef framkvæmdaraðili hefur hafið framkvæmd sem fellur í flokk C skv. 1. viðauka, þar sem sveitarstjórn tekur ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar, án þess að tilkynna framkvæmdina til ákvörðunar um matsskyldu eða veitir sveitarstjórn rangar upplýsingar um framkvæmd ber sveitarstjórn að vísa málinu til Skipulagsstofnunar sem leggur stjórnvaldssekt á framkvæmdaraðila ef tilefni er til.

□ Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af alvarleika brotsins og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framíð í þágu hagsmuna framkvæmdaraðila. Loks ber að líta til fjárhagslegs styrks framkvæmdaraðila.

□ Stjórnvaldssektir geta numið frá 100.000 kr. til 25.000.000 kr.

□ Gjaldldagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina er tekin. Hafi stjórnvaldssekt ekki verið greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um stjórnvaldssekt er aðfararhæf og skulu stjórnvaldssektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.

□ Aðili máls getur skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla. Málshöfundarfræstur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðun er tekin. Málskot frestar aðför.

□ Heimild Skipulagsstofnunar til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að brot átti sér stað. Fræstur rofnar þegar Skipulagsstofnun tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti.]¹⁾

¹⁾ L. 96/2019, 13. gr.

■ [19. gr.]¹⁾ *Mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri.*

□ [Ef líklegt þykir að framkvæmd muni hafa umtalsverð

umhverfisáhrif í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða ef ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem telur líklegt að umhverfi sitt verði fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar, óskar þess ber Skipulagsstofnun að senda því ríki eins fljótt og unnt er og ekki síðar en þegar tillaga að matsáætlun er kynnt almenningi hér á landi, sbr. 1. mgr. 8. gr., lýsingu á framkvæmdinni, ásamt tiltækum upplýsingum um hugsanleg áhrif hennar yfir landamæri og upplýsingum um málsmeðferðina samkvæmt lögum þessum, og upplýsingar um þau leyfi sem framkvæmdin er háð. Skipulagsstofnun getur krafist þess að framkvæmdaraðili taki saman framangreindar upplýsingar á tungumáli þess ríkis. Skal Skipulagsstofnun gefa ríkinu hæfilegan frest til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og tilkynna hvort það vilji taka þátt í málsmeðferðinni við mat á umhverfisáhrifum, sbr. 2. mgr. 10. gr. Ef ríkið tilkynnir að það vilji taka þátt í málsmeðferðinni skal Skipulagsstofnun senda ríkinu frummatsskýrslu framkvæmdarinnar þegar hún er auglýst hér á landi, sbr. 2. mgr. 10. gr. Þegar álit um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal það kynnt ríkinu, sbr. 4. mgr. 11. gr. Þegar ákvörðun skv. 1. mgr. 13. gr. liggur fyrir vegna framkvæmdarinnar skal leyfisveitandi senda ríkinu upplýsingar um innihald og skilyrði ákvörðunarinnar og helstu ástæður hennar og upplýsingar um aðkomu almennings að ákvörðuninni ásamt upplýsingum um mótvægisáðgerðir.

□ Ef líklegt þykir að framkvæmd í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif hér á landi skal Skipulagsstofnun eins fljótt og unnt er kynna gögn frá viðkomandi ríki fyrir umsagnaraðilum og almenningi hér á landi að meðtalinni umsókn um leyfi til framkvæmda liggja hún fyrir [og tilgreina frest til að koma að athugasemdum við framkvæmdina].²⁾ Þegar fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar skal Skipulagsstofnun kynna það fyrir almenningi ásamt ákvörðun um útgáfu leyfis til framkvæmdarinnar þegar það liggur fyrir.

□ Ef fyrir liggur að framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif yfir landamæri skal ráðherra hefja viðræður við hlutaðeigandi ríki um áhrif framkvæmdarinnar yfir landamæri og þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að draga úr eða koma í veg fyrir slík áhrif. Skal ráðherra í samráði við hlutaðeigandi ríki setja sér hæfilegan frest til viðræðnanna. [Viðræðurnar geta einnig átt sér stað fyrir milligöngu sameiginlegrar stofnunar.]²⁾ Skal niðurstaða viðræðnanna kynnt umsagnaraðilum hér á landi og almenningi.]³⁾

¹⁾ L. 74/2005, 15. gr. ²⁾ L. 96/2019, 14. gr. ³⁾ L. 138/2014, 9. gr.

■ [20. gr.]¹⁾ *[Reglugerð og leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum.]¹⁾*

□ [Ráðherra]²⁾ setur í reglugerð,³⁾ að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, nánari ákvæði um framkvæmd laganna, þar með talið um:

a. tilkynningar um framkvæmdir [samkvæmt flokki B og flokki C í 1. viðauka],⁴⁾

b. framsetningu matsáætlunar, matsskýrslu og gögn,

c. samráðsferlið,

d. annars konar mat,

e. aðgang almennings að gögnum,

f. kynningu á framkvæmd og [álitum],¹⁾

g. framlagningu frekari gagna,

h. . . .¹⁾

i. [samræmt eða sameiginlegt ferli og gögn við mat á umhverfisáhrifum og skipulagsgerð],⁵⁾

[j. samræmt eða sameiginlegt ferli og gögn vegna vinnu við mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfis,

k. gögn sem lögð skulu fram með tilkynningu um framkvæmd og þá málsmeðferð sem viðhöfð skal við ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar,

l. málsmeðferð við endurskoðun umhverfismats.]⁵⁾

[m.]³⁾ eftirlit [og rafrænt gagnasafn fyrir upplýsingar um þær framkvæmdir í flokki C í 1. viðauka við lög þessi sem háðar eru leyfi til framkvæmda svo sem kveðið er á um í skipulagslögum og lögum um mannvirki].⁴⁾

□ [Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum, m.a. um:

[a. verklag og viðmið við ákvörðun sveitarstjórna um matsskyldu framkvæmda í flokki C],⁴⁾

[b.]⁴⁾ undirbúning og málsmeðferð vegna ákvarðana um matsskyldu framkvæmda,

[c.]⁴⁾ undirbúning og málsmeðferð vegna matsáætlna,

[d.]⁴⁾ undirbúning og málsmeðferð vegna matsskýrslna,

[e.]⁴⁾ flokkun og viðmið umhverfisáhrifa,

[f.]⁴⁾ nauðsynleg leyfi vegna matsskyldra framkvæmda.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 15. gr. ²⁾ L. 126/2011, 311. gr. ³⁾ Rg. 660/2015, sbr. 713/2015 og 1069/2019. ⁴⁾ L. 138/2014, 10. gr. ⁵⁾ L. 96/2019, 15. gr.

■ [21. gr. *Undanþága frá frestum.*

□ [Þrátt fyrir tímafresti sem kveðið er á um í 3.–5. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. getur Skipulagsstofnun og sveitarstjórn, þar sem við á, í undantekningartilvikum og í samráði við framkvæmdaraðila, vikið frá þeim frestum sem þar er kveðið á um. Á það við í viðamiklum málum, svo sem vegna eðlis, staðsetningar eða stærðar framkvæmdar. Skal þá framkvæmdaraðila tilkynnt skriflega um ástæðu framlengingar og fyrirhugaða tímasetningu ákvörðunar.

□ Skipulagsstofnun er heimilt, í samráði við framkvæmdaraðila, að lengja kynningartíma frummatsskýrslu skv. 4. mgr. 10. gr. í viðamiklum málum.]²⁾

¹⁾ L. 96/2019, 16. gr. ²⁾ L. 74/2005, 16. gr.

■ [21. gr. a. *Takmarkanir á upplýsingagjöf.*

□ Með fyrirvara um ákvæði laga um upplýsingarétt um umhverfismál skulu ákvæði laga þessara ekki hafa áhrif á skyldur til að virða takmarkanir sem lög og stjórnsýslufyrirmæli svo og viðteknar lagavenjur setja um iðnaðar- og viðskiptaleynd, þ.m.t. hugverkarétt, eða til að tryggja almannaeið.]¹⁾

¹⁾ L. 96/2019, 17. gr.

■ [22. gr.]¹⁾ *Gildistaka.*

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

¹⁾ L. 74/2005, 16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.**

□ Þrátt fyrir ákvæði III. kafla laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum séu þær hafnar fyrir árslok 2002.

□ Ágreiningur um hvort framkvæmd sé hafin samkvæmt þessu ákvæði til bráðabirgða á undir úrskurð [ráðherra].¹⁾

¹⁾ L. 126/2011, 311. gr.

■ **II.**

□ [Þegar matsskýrsla hefur verið send Skipulagsstofnun fyrir gildistöku laga þessara er heimilt að ljúka mati á umhverfisáhrifum samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gildir samkvæmt eldri lögum.

□ Í þeim tilvikum þegar matsferli framkvæmdar sem undir lög þessi fellur hefur verið lokið samkvæmt eldri lögum en

ekki hafa verið veitt öll leyfi vegna hennar skal við leyfisveitingu fara samkvæmt þeim lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 17. gr.

■ **III.**

□ Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003. Við endurskoðunina skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma mat, sbr. 11.–13. gr., við leyfisveingar fyrir einstökum framkvæmdum, í hvaða mæli skipulagsáætlanir geti komið í stað mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar og hvort færa beri ábyrgð á mati til framkvæmdaraðila í ríkari mæli en gert er í lögum þessum.

■ **IV.**

□ Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum skv. 19. gr. skal sett eins fljótt og auðið er og skal hún hafa öðlast gildi eigi síðar en 1. október 2000.

■ **V.**

□ Þrátt fyrir ákvæði III. kafla laga þessara eru framkvæmdir þær sem falla í flokk C í 1. viðauka við lög þessi ekki háðar ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum skv. 6. gr. laganna fyrr en 1. júní 2015.]¹⁾

¹⁾ L. 138/2014, 11. gr.

■ **VI.**

□ Framkvæmdir sem falla í flokk B og flokk C í 1. viðauka skulu hlíta málsmeðferð samkvæmt eldri lögum ef þær hafa verið tilkynntar til ákvörðunar um matsskyldu fyrir gildistöku laga þessara.

□ Framkvæmdir sem falla í flokk A í 1. viðauka og framkvæmdir sem ákvarðaðar hafa verið matsskyldar fyrir gildistöku laga þessara skulu hlíta málsmeðferð samkvæmt eldri lögum ef tillaga að matsáætlun hefur borist Skipulagsstofnun fyrir gildistöku laga þessara.]¹⁾

¹⁾ L. 96/2019, 18. gr.

[1. viðauki.

Í flokki A eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Í flokki B og flokki C eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 2. viðauka.

Flokkur framkvæmda

	A	B	C
1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi			
1.01 Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til 20 ha eða stærra landsvæðis.		X	
1.02 Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli á landsvæði allt að 20 ha.			X
1.03 Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýtt landbúnað.		X	
1.04 Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þ.m.t. áveitu- og framræsluframkvæmdir, sem hafa áhrif á 3 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.			X
1.05 Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þ.m.t. áveitu- og framræsluframkvæmdir, sem hafa áhrif á allt að 3 ha svæði.			X
1.06 Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun. Varanleg skógaeyðing sem breytir fyrri landnotkun.		X	
1.07 Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun.			X

- 1.08 Uppgræðsla lands á verndarsvæðum. X
- 1.09 Þauleldi alifugla og svína með að minnsta X
kosti:
i. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 fyrir
hænur,
ii. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða
iii. 900 stæði fyrir gyltur.
- 1.10 Þauleldi búfjár utan þess sem tilgreint er í tölu- X
lið 1.09.
- 1.11 Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 X
tonn eða meiri og fráveita er til sjávar eða þar
sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og frá-
veita er í ferskvatn.
- 1.12 Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er minni X
en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem
ársframleiðsla er minni en 20 tonn og fráveita
er í ferskvatn.
- 1.13 Endurheimt lands frá hafi. X
2. Námuiðnaður A B C
- 2.01 Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr X
hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000
m² svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000
m³ eða meira.
- 2.02 Efnistaka og/eða haugsetning á X
verndarsvæðum.
- 2.03 Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr X
hafsbotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m²
svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³
eða meira. Efnistaka og/eða haugsetning þar
sem fleiri en einn efnistökuastaður og/eða haug-
setningarstaður vegna sömu framkvæmdar og
á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m².
- 2.04 Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr X
hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en
25.000 m² svæði eða efnismagn er minna en
50.000 m³.
- 2.05 Neðanjarðarnámur. X
- 2.06 Djúpborun (að frátalinni borun til að kanna X
stöðugleika jarðvegs), einkum:
i. borun á vinnsluholum og rannsóknarholum
á háhitasvæðum,
ii. borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar
sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði
eða í næsta nágrenni,
iii. borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs,
iv. vinnsla og rannsóknarboranir vegna kol-
vetnis utan netlaga og innan efnahagslögsögu
og landgrunnsmarka,
v. borun eftir vatni þar sem gert er ráð fyrir að
vinna að minnsta kosti 100 l/sek.,
vi. borun eftir vatni þar sem gert er ráð fyrir að
vinna allt að 100 l/sek. X
- 2.07 Iðjuver ofan jarðar til að nema kol, jarðolíu, X
jarðgas og málmgrýti, svo og jarðbiksleir.
- 3. Orkuiðnaður** A B C
- 3.01 Olíuhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem X
framleiða eingöngu smurólíur úr hráolíu) og
mannvirki fyrir kolagösun og þéttingu úr
a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir
á dag.
- 3.02 Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver X
með 50 MW uppsett varmafl eða meira og
önnur orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða
meira.
- 3.03 Kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar, einnig X
þegar slík orkuver eða kjarnakljúfar (kjarn-
orkuver og aðrir kjarnakljúfar teljast ekki leng-
ur til slíkra stöðva þegar öll kjarnaklyf efni
og önnur geislamenguð efni hafa verið end-
anlega fjarlægð af staðnum) eru rifin niður
eða tekin úr notkun (nema rannsóknastöð-
var með yfir 1 kW heildarhitaafköst þar sem
fram fer umbreyting á kjarnaklyfum efnum
og tímgunarefnum).
- 3.04 Stöðvar þar sem geisluð kjarnaklyf efni eru X
endurunnin. Stöðvar til framleiðslu eða auðg-
unar kjarnaklyfra efna, til vinnslu geislaðra
kjarnaklyfra efna eða mjög geislavirks úr-
gangs, til endanlegrar geymslu á geisluðum
kjarnaklyfum efnum, eingöngu til endanlegr-
ar geymslu á geislavirkum úrgangi eða ein-
göngu til geymslu (til meira en tíu ára) á geisl-
uðum kjarnaklyfum efnum eða geislavirkum
úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.
- 3.05 Stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum X
úrgangi, utan þeirra sem tilgreindar eru í tölu-
lið 3.04.
- 3.06 Vinnsla á meira en 500 tonnum á dag af jarð- X
olíu og meira en 500.000 m³ af jarðgasi á dag.
- 3.07 Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og X
heitu vatni og varmavinnsla úr jarðhitasvæð-
um sem nemur 2.500 kW hráafli eða meira.
- 3.08 Loftlínur til flutnings á raforku með 66 kV X
spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raf-
orku með 132 kV spennu eða hærri sem eru 20
km eða lengri.
- 3.09 Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns sem X
tengist iðnaðarframkvæmdum.
- 3.10 Leiðslur sem eru 1 km eða lengri og 50 cm X
í þvermál eða meira til flutnings á gasi eða
vökvum.
- 3.11 Leiðslur sem eru 1 km eða lengri og 50 cm X
í þvermál eða meira til flutnings á koltvísýr-
ingi (CO₂) til [varanlegrar geymslu]¹⁾ í jörðu,
ásamt þrýstiaukadælu.
- 3.12 Leiðslur til flutnings á olíu og gasi og til X
flutnings á koltvísýringi (CO₂) til [varanlegr-
ar geymslu]¹⁾ í jörðu á verndarsvæðum.
- 3.13 Leiðslur til flutnings á olíu og gasi og til X
flutnings á koltvísýringi (CO₂) til [varanlegr-
ar geymslu]¹⁾ í jörðu utan verndarsvæða.
- 3.14 Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin X
úr jarðolíu eða efnavörur með 50.000 m³
geymslugetu eða meira.
- 3.15 Geymsla á jarðgasi ofan jarðar á X
verndarsvæðum.
- 3.16 Geymsla á jarðgasi ofan jarðar utan X
verndarsvæða.
- 3.17 Neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi á X
verndarsvæðum.
- 3.18 Neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi utan X
verndarsvæða.

3.19	Geymsla jarðefnaeldsneytis ofan jarðar á verndarsvæðum.	X	5.02	Sementsverksmiðjur.	X
3.20	Geymsla jarðefnaeldsneytis ofan jarðar utan verndarsvæða.	X	5.03	Stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni.	X
3.21	Gerð tafna úr kolum og brúnkolum.	X	5.04	Stöðvar til að bræða steinefni og framleiða steinefnatrefjar.	X
3.22	Vatsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira.	X	5.05	Framleiðsla á keramikvörum með brennslu, svo sem þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum eða postulíni, 75 tonn á dag eða meira eða rúmtak ofns er 4 m ³ eða meira.	X
3.23	Vatsorkuver með uppsett rafafli allt að 200 kW.	X	5.06	Framleiðsla á keramikvörum með brennslu, svo sem þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leirmunum eða postulíni, allt að 75 tonnum á dag eða rúmtak ofns er undir 4 m ³ .	X
3.24	Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu (vindbú) með 2 MW uppsett rafafli eða meira.	X			
3.25	Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu (vindbú) með minna en 2 MW rafafli.	X			
3.26	[Niðurdælingarsvæði] ¹⁾ fyrir koltvísýring (CO ₂) í jörðu.	X			
3.27	Mannvirki sem hafa þann tilgang að fanga X koltvísýring (CO ₂) til [varanlegrar geymslu] ¹⁾ í jörðu frá verksmiðjum eða iðjuverum sem heyra undir flokk A eða frá verksmiðjum eða iðjuverum þar sem árleg heildarföngun koltvísýrings nemur 1,5 megatonnum eða meira.	X	6.01	Efnaverksmiðjur sem framleiða: i. lífrænt hráefni, ii. ólífrænt hráefni, iii. áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur), iv. grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og lífeyða, v. grunnlyfjavörur með efnafræðilegum og líf-fræðilegum aðferðum, vi. sprengiefni.	A B C X
3.28	Mannvirki sem hafa þann tilgang að fanga koltvísýring (CO ₂) til [varanlegrar geymslu] ¹⁾ í jörðu frá verksmiðjum eða iðjuverum sem falla ekki í flokk A samkvæmt tölulíð 3.27.	X	6.02	Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla kemískra efna.	X
	4. Framleiðsla og vinnsla málma	A B C	6.03	Framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmíflíki og peroxíðum.	X
4.01	Verksmiðjur þar sem fram fer frumbræðsla X á steypujárni og stáli. Framleiðsla hrámálms, sem inniheldur ekki járn úr grýti, kirni eða afleiddu hráefni, sem fer fram með málmvinnsluaðferðum, efnafræðilegum aðferðum eða rafgreiningaraðferðum.	X	6.04	Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnið úr jarðolíu og önnur kemísk efni á verndarsvæðum.	X
4.02	Stöðvar til framleiðslu á 20 tonnum á dag eða meira af steypujárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu.	X	6.05	Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnið úr jarðolíu og önnur kemísk efni utan verndarsvæða.	X
4.03	Stöðvar til framleiðslu á allt að 20 tonnum á dag af steypujárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla) ásamt samfelldri steypingu.	X		7. Matvælaíðnaður	A B C
4.04	Stöðvar til vinnslu á járnkenndum málum: i. heitvölsunarstöðvar, ii. smiðjur með hömrnun, iii. varnarhúðun með bræddum málum.	X	7.01	Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum á verndarsvæðum.	X
4.05	Málmsteypusmiðjur fyrir járnkenna málma.	X	7.02	Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum utan verndarsvæða.	X
4.06	Stöðvar til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málum öðrum en góðmálum, einnig endurheimtum vörum (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.).	X	7.03	Pökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum, 75 tonn á dag eða meira, á verndarsvæðum.	X
4.07	Stöðvar þar sem unnið er að yfirborðsmeðferð málma og plastefna með rafgreiningar- og efnaaðferðum.	X	7.04	Pökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum sem ekki fellur í flokk B samkvæmt tölulíð 7.03.	X
4.08	Framleiðsla og samsetning vélknúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki.	X	7.05	Framleiðsla á mjólkurvörum, 200 tonn á dag eða meira, á verndarsvæðum.	X
4.09	Skipasmíðastöðvar.	X	7.06	Framleiðsla á mjólkurvörum sem fellur ekki í flokk B samkvæmt tölulíð 7.05.	X
4.10	Stöðvar sem eru 1 ha að stærð eða meira til smíða og viðgerða á loftföllum.	X	7.07	Öl- og maltgerð á verndarsvæðum.	X
4.11	Stöðvar sem eru allt að 1 ha að stærð til smíða og viðgerða á loftföllum.	X	7.08	Öl- og maltgerð utan verndarsvæða.	X
4.12	Framleiðsla á járnbrautarbúnaði.	X	7.09	Framleiðsla á sætindum og sírópi á verndarsvæðum.	X
4.13	Málmátun með sprengiefnum.	X	7.10	Framleiðsla á sætindum og sírópi utan verndarsvæða.	X
4.14	Stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.	X	7.11	Sláturhús á verndarsvæðum.	X
	5. Steinefnaíðnaður	A B C	7.12	Sláturhús utan verndarsvæða.	X
5.01	Koxofnar (þurreiming kola).	X	7.13	Stöðvar til sterkjuframleiðslu á verndarsvæðum.	X
			7.14	Stöðvar til sterkjuframleiðslu utan verndarsvæða.	X

- 7.15 Fiskmjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri. X
- 7.16 Fiskmjöls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskmjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri. X
- 7.17 Fiskmjöls- og lýsisverksmiðjur utan þeirra sem falla í flokk A samkvæmt tölulíð 7.15 og flokk B samkvæmt tölulíð 7.16. X
- 7.18 Sykurverksmiðjur á verndarsvæðum. X
- 7.19 Sykurverksmiðjur utan verndarsvæða. X
- 8. Textíl-, leður-, timbur- og pappírsmiðjur A B C**
- 8.01 Verksmiðjur: X
i. sem framleiða pappírseig úr timbri eða svipuðum trefjaefnum,
ii. sem framleiða pappír og pappa og geta framleitt meira en 200 tonn á dag.
- 8.02 Verksmiðjur til framleiðslu á pappír og pappa utan þeirra sem tilgreind eru í flokki A samkvæmt tölulíð 8.01. X
- 8.03 Stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinna) eða litun trefja eða textílefna. X
- 8.04 Stöðvar þar sem fram fer sítun á húðum og skinnum. X
- 8.05 Stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á sellulósa. X
- 9. Gúmmíðnaður A B C**
- 9.01 Framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmílfíki. X
- 10. Grunnvirki A B C**
- 10.01 Mannvirkjagerð vegna þróunar iðnaðarsvæðis sem tekur til 50 ha eða stærra svæðis. X
- 10.02 Mannvirkjagerð vegna þróunar iðnaðarsvæðis sem tekur til allt að 50 ha svæðis. X
- 10.03 Mannvirkjagerð vegna þróunar þéttbýlis, þ.m.t. verslunarmiðstöðvar, bílastæðasvæði, íþróttaleikvangar, háskólar, sjúkrahús og aðrar sambærilegar framkvæmdir. X
- 10.04 Bygging samgöngumiðstöðva fyrir margþátta samgöngustarfsemi. X
- 10.05 Flugvellir með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri. X
- 10.06 Flugvellir með styttri en 2.100 m langa meginflugbraut. X
- 10.07 Nýir tveggja akreina vegir með framúrakstursrein og vegir með fjórar akreinar eða fleiri. X
- 10.08 Nýir vegir sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega þar sem samanlögð nýlagning utan eldra vegsvæðis eða breikkun úr tveimur akreinum í fjórar er a.m.k. 10 km að lengd. X
- 10.09 Nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum. X
- 10.10 Nýir vegir og endurbygging vega sem ekki eru tilgreindir í tölulíð 10.07, 10.08 eða 10.09. X
- 10.11 Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um. X
- 10.12 Viðlegubryggjur (að undanskildum ferjulægjum) sem tengdar eru við land og eru utan hafna, þar sem skip stærri en 1.350 tonn geta lagst að til losunar og lestunar. X
- 10.13 Hafnir og viðlegubryggjur utan þéttbýlis á verndarsvæðum. X
- 10.14 Aðrar hafnir og viðlegubryggjur en tilgreindar eru í flokki A samkvæmt tölulíð 10.12 eða flokki B samkvæmt tölulíð 10.13. X
- 10.15 Byggingarframkvæmdir við skipgengar vatnaleiðir og gerð skipaskurða og fráveituskurða. X
- 10.16 Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem 3 km² lands eða meira fara undir vatn eða rúmtak vatns er meira en 10 milljónir m³. X
- 10.17 Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum, utan þeirra sem tilgreind eru í tölulíð 10.16. X
- 10.18 Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum, utan þeirra sem tilgreind eru í tölulíð 10.16 og 10.17. X
- 10.19 Lagning járnbrauta um langar vegalengdir. X
- 10.20 Járnbrautir, sporvagnar, lestir í lofti og neðanjarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga. X
- 10.21 Lagning áveitu- eða vatnsstokka um langan veg; loftlínur til flutnings raforku á verndarsvæðum; lagning niðurgrafinna strengja/lagna 10 km eða lengri utan þéttbýlis eða óháð vegalengd á verndarsvæðum. Lagning strengja/lagna í vatni/sjó 10 km eða lengri eða óháð vegalengd á verndarsvæðum. X
- 10.22 Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum á verndarsvæðum, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri. Undanskilið er viðhald og endurbygging framangreindra mannvirkja. X
- 10.23 Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum utan verndarsvæða, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er allt að 5 ha. Undanskilið er viðhald og endurbygging framangreindra mannvirkja. X
- 10.24 Vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn með 300 l/sek. meðalrennsli eða meira á ári. X
- 10.25 Vinnsla grunnvatns eða íveita vatns í grunnvatn sem ekki fellur undir flokk A, tölulíð 10.24. X
- 10.26 Mannvirkjagerð þegar fyrirhugað er að veita meira en 1.000 l/sek. af vatni á milli vatnssviða. Flutningur á drykkjarvatni í leiðslum er undanskilinn. X

10.27 Mannvirkjagerð þegar fyrirhugað er að veita vatni á milli vatnasviða sem ekki fellur undir flokk A, tölulið 10.26. Flutningur á drykkjarvatni í leiðslum er undanskilinn.	X	12.07 Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði allt að 10 ha.	X
11. Aðrar framkvæmdir	A B C	12.08 Skemmtigarðar sem ná yfir 2 ha svæði eða meira.	X
11.01 Kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki á svæðum sem skilgreind eru sem slík í skipulagi.	X	12.09 Skemmtigarðar sem ná yfir allt að 2 ha svæði.	X
11.02 Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.	X	12.10 Golfvöllir.	X
11.03 Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, meðhöndlaður með efnum eða urðaður og ekki eru tilgreindar í flokki A, tölulið 11.02.	X	13. Breytingar og viðbætur við framkvæmdir	A B C
11.04 Skolphreinsivirki frá íbúðarbyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.	X	13.01 Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A þegar breytingin eða viðbótin sjálf fer yfir þau viðmið sem flokkur A setur.	X
11.05 Skolphreinsivirki frá íbúðarbyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði með afkastagetu sem svarar til 100 persónueininga eða meira á verndarsvæðum, svæðum á náttúruminjaskrá eða þar sem losað er í viðkvæman viðtaka, að undanskildum þeim er tilgreind eru í flokki A, tölulið 11.04.	X	13.02 Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir samkvæmt flokki A, aðrar en tilgreindar eru í tölulið 13.01, og flokki B sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.	X
11.06 Skolphreinsivirki frá íbúðarbyggð eða iðnaði, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði utan verndarsvæða, sem ekki eru tilgreind í flokki A, tölulið 11.04, eða flokki B, tölulið 11.05.	X	13.03 Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir sem eru í flokki C sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.	X
11.07 Förgunarstöðvar fyrir seyru á verndarsvæðum.	X	13.04 Framkvæmdir samkvæmt flokki A sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en tvö ár. ²⁾	X
11.08 Förgunarstöðvar fyrir seyru utan verndarsvæða.	X	¹⁾ L. 12/2021, 6. gr. ²⁾ L. 138/2014, 12. gr.	
11.09 Geymsla brotajárns, þ.m.t. bílar, sem er að magni 1.500 tonn á ári eða meira.	X	[2. viðauki.]¹⁾	
11.10 Geymsla brotajárns, þ.m.t. bílar, sem er að magni allt að 1.500 tonnum á ári.	X	Viðmiðanir við mat á framkvæmdum tilgreindum í [flokki B og flokki C í 1. viðauka]. ¹⁾	
11.11 Prófunaraðstaða fyrir vélar, hverfla eða hvarfrými.	X	1. Eðli framkvæmdar.	
11.12 Stöðvar sem framleiða steinefnatrefjar.	X	Athuga þarf eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til:	
11.13 Stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því.	X	i. stærðar, [hönnunar og umfangs framkvæmdarinnar í heild], ²⁾	
11.14 Förgun sláturúrgangs.	X	ii. [samlegðar] ²⁾ með öðrum framkvæmdum,	
11.15 Endurnýting úrgangs þar sem meðhöndluð eru meira en 500 tonn af úrgangi á ári.	X	iii. nýtingar náttúruauðlinda, [einkum lands, jarðvegs og vatns, og líffræðilegrar fjölbreytni], ²⁾	
11.16 Varnargarðar til varnar ofanflóðum í þéttbýli.	X	iv. úrgangsmýndunar,	
12. Ferðalög og tómstundir	A B C	v. mengunar og ónæðis,	
12.01 Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar og tengdar framkvæmdir á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum.	X	vi. [hættu á stórslysnum og/eða náttúruhamförum sem varða framkvæmdina, þ.m.t. af völdum loftslagsbreytinga, samkvæmt vísindalegri þekkingu], ²⁾	
12.02 Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar á skíðasvæðum og tengdar framkvæmdir utan verndarsvæða og jökla.	X	[vii. hættu fyrir heilbrigði manna, t.d. vegna vatns- eða loftmengunar]. ²⁾	
12.03 Smábátahafnir sem hafa 150 bátalægi eða fleiri.	X	2. Staðsetning framkvæmdar.	
12.04 Smábátahafnir með allt að 150 bátalægi.	X	Athuga þarf hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, einkum með tilliti til:	
12.05 Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis.	X	i. landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun,	
12.06 Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru 10 ha eða stærri.	X	ii. magns, [aðgengileika og gæða náttúruauðlinda, þ.m.t. jarðvegs, lands, vatns og líffræðilegrar fjölbreytni, á svæðinu ofan og neðan jarðar, og getu þeirra til endurnýjunar], ²⁾	
		iii. verndarsvæða:	
		(a) [náttúruminja í A-, B- og C-hluta náttúruminjaskrár, svæða sem falla undir ákvæði [61. gr.] ³⁾ laga um náttúruvernd og landsvæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar samkvæmt lögum nr. 48/2011], ⁴⁾	
		(b) svæða sem njóta verndar samkvæmt sérilögum, svo sem Þingvalla, Mývatns- og Laxárvæða og Breiðafjarðar,	
		(c) svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum,	

(d) svæða, sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð, sem njóta verndar í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum,

(e) [svæða sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningsins (votlendi) og Bernarsamningsins (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu), friðaðra og friðlýstra tegunda sem og ábyrgðartegunda; tegundir á válista falla hér undir enda válistar m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Bernarsamningnum],¹⁾

(f) hverfisverndarsvæða samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum, sbr. [ákvæði er varða hverfisverndarsvæði]¹⁾ í skipulagsreglugerð,

iv. álagspóls náttúrunnar, einkum með tilliti til:

- (a) votlendissvæða, [ár- og vatnsbakka og ármyrna],²⁾
- (b) [haf- og]²⁾ strandsvæða,
- (c) sérstæðra jarðmyndana, svo sem hverasvæða, vatnsfalla, jökulminja, eldstöðva og bergmyndana,
- (d) náttúruverndarsvæða, þar með talið svæða á náttúru-minjaskrá,
- (e) landslagsheilda, ósnortinna víðerna, hálendissvæða og jökla,

(f) upprunalegs gróðurlendis, svo sem skóglendis,

(g) fuglabjarga og annarra kjörlenda dýra,

(h) svæða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi,

(i) svæða þar sem mengun er yfir viðmiðunargildum í lögum og reglugerðum,

[(j) þéttbýlla svæða].¹⁾

3. [Gerð og eiginleikar]²⁾ hugsanlegra áhrifa framkvæmdar.

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana hér á undan, einkum með tilliti til:

i. umfangs umhverfisáhrifa, [t.d. með tilliti til stærðar svæðis eða fjölda fólks sem verður líklega fyrir áhrifum],²⁾

ii. [eðlis, styrks]²⁾ og fjölbreytileika áhrifa,

iii. þess hverjar líkur eru á áhrifum,

iv. [væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfi áhrifa],²⁾

v. [samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda],²⁾

vi. áhrifa yfir landamæri,

[vii. möguleika á að draga úr áhrifum].²⁾

¹⁾ L. 138/2014, 13. gr. ²⁾ L. 96/2019, 19. gr. ³⁾ L. 109/2015, 36. gr. ⁴⁾ L. 60/2013, 95. gr.